



Til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

Nafn kjörforeldris		Kennitala / Fæðingardagur
Lögheimili	Ríkisfang	Netfang
Staður	Póstnúmer	Sími
Heimili þegar ættleiðing fór fram		

Nafn kjörforeldris (eða maka umsækjanda, ef um stjúpættleiðingu var að ræða)		Kennitala / Fæðingardagur
Lögheimili	Ríkisfang	Netfang
Staður	Póstnúmer	Sími
Heimili þegar ættleiðing fór fram		

Nafn barns	Kennitala / Fæðingardagur
Kynmóðir barns	Kennitala / Fæðingardagur
Kynfaðir barns	Kennitala / Fæðingardagur

Upprunaland barns	Ríkisfang barns	Land þar sem ættleiðing fór fram
Forsjá barns er hjá		
Tegund ættleiðingar. Stjúpættleiðing – fósturættleiðing – alþjóðleg fjölskylduættleiðing – ættleiðing milli landa á grundvelli Haagsamnings – innanlandsættleiðing. Lýsið því hverskonar ættleiðingu um var að ræða:		
Lýsið tildrögum ættleiðingar.		
Ef um var að ræða alþjóðlega fjölskylduættleiðingu, lýsið tengslum barns við kjörforeldra.		
Er barnið kynbarn annars hvors umsækjanda.	Varð barnið til við tæknifrjövgun.	Gekk staðgöngumóðir með barnið.

Skjöl sem fylgja skulu umsókninni, eftir því sem skýringar segja til um.:

- Erlent ættleiðingarskjal. 1)
- Skjal/skjöl er sýni að mátt hafi ættleiða barnið. 2)
- Fæðingarvottorð barnsins. 3)
- Erlent vegabréf barnsins.
- Staðfesting ættleiðingarríkis/upprunaríkis skv. 23. grein Haag samningsins. 4)
- Einstaklingsvottorð Þjóðskrár Íslands vegna kjörforeldra og kjörbarns. 5)
- Afrit vegabréfa kjörforeldra. 6)
- Fæðingarvottorð kjörforeldra. 7)
- Gögn um nafnbreytingu. 8)
- Gögn um lög og reglur um ættleiðingu í ættleiðingarríki / upprunaríki. 9)



Nánari skýringar á fylgigögnum:

- 1) Skjal um að ættleiðing hafi verið ákveðin, úrskurðuð eða dæmd af viðeigandi yfirvaldi.
- 2) Gögn um að barnið hafi verið ættleiðanlegt. Dómur, úrskurður eða ákvörðun yfirvalds þar að lútandi; gögn um að barn hafi verið munaðarlaust.; gögn um að foreldrar þess hafi samþykkt ættleiðinguna.
- 3) Hér er óskað fæðingarvottorðs sem var útgefið áður en ættleiðingin fór fram.
- 4) Ef um var að ræða ættleiðingu milli landa á grundvelli Haagsamningsins.
- 5) Ef kjörforeldrar og barn eru skráð í þjóðskrá.
- 6) Ef kjörforeldrar eru ekki skráðir í þjóðskrá.
- 7) Ef kjörforeldrar eru ekki skráðir í þjóðskrá.
- 8) Ef nafni barns eða kjörforeldris hefur verið breytt.
- 9) Aðeins ef um er að ræða ríki utan Haag samningsins. Sjá aðildarríki hér.

Ef framangreind gögn eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamálum, skal fylgja þýðing þeirra, á ensku eða íslensku. Leggja þarf frumrit skjala fram með umsókninni. Frumritin verða afhent að lokinni meðferð erindisins. Erlend skjöl þurfa að vera lögformlega staðfest. Sjá nánar í upplýsingatexta um kröfur til erlendra skjala.

### Um afstöðu barnsins segir í 3. mgr. 2. gr. a laga um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952:

Hafi barn náð 12 ára aldri og sé með erlent ríkisfang skal það veita samþykki sitt til að fá íslenskan ríkisborgararétt á grundvelli 2. mgr. Ef barn er yngra en 12 ára skal sýna fram á að haft hafi verið samráð við það ef slíkt þykir gerlegt miðað við aldur þess og þroska. Ekki skal krefjast samþykkis barns ef það er ófært um að veita það sökum andlegs vanþroska eða annars sambærilegs ástands.

### Sjá einnig 12. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sjá lög 6/2013.

Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

Sýslumaður mun því gefa barninu kost á að tjá sig vegna erindisins hafi það aldur og þroska til. Þess er óskað að upplýst verði hvort þroski barns samsvari aldri þess. Einnig er hér er óskað tillagna / upplýsinga kjörforeldra um hvernig og hvenær viðtali starfsmanns sýslumanns við barnið verði við komið, t.d hvort ráðgert sé að kjörforeldrar og barn komi til Íslands á næstunni. Einnig er óskað upplýsinga um hvort eitthvað standi því vegi að leitað verði eftir afstöðu barns. Samþykki barns eldra en 12 ára er hægt að gefa skriflega og verður gefinn kostur á framlagningu slíks samþykkis við málsmeðferðina ef við á.

**Undirrituð/að kjörforeldrar / kjörforeldri barnsins óskum / óskar eftir að sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu staðfesti að ættleiðingin hafi réttaráhrif á Íslandi eins og hún hefði verið heimiluð hérlandis á grundvelli íslenskra laga um ættleiðingar. Við staðfestingu sýslumanns fær barnið íslenskan ríkisborgararétt.**

**Mér/okkur er kunnugt um að barnið geti misst núverandi ríkisborgararétt við töku íslensks ríkisborgararéttar.**

Verði sýslumaður við erindinu, mun staðfesting á réttaráhrifum verða gefin út og verður frumritið, ásamt frumritum fylgigagna sent kjörforeldri / kjörforeldrum í rekjanlegu bréfi nema óskað sé eftir að sækja gögnin til sýslumanns að lokinni afgreiðslu.

Vinsamlegast tilgreinið þann afhendingarmáta sem óskað er eftir:

( ) Skjölín óskast send kjörforeldrum í rekjanlegu bréfi. ( ) Kjörforeldri / kjörforeldrar munu sækja skjölin til sýslumanns.

Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri:

Ofangreindar upplýsingar eru gefnar samkvæmt bestu vitund. Við gerum okkur grein fyrir að rangar upplýsingar í umsókn þessari varða refsíabýrgð samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Dagsetning og undirskrift kjörforeldris:

Dagsetning og undirskrift kjörforeldris:



## Upplýsingar til umsækjenda.

Eyðublað þetta er ætlað íslenskum ríkisborgara, sem hefur búið erlendis og ættleitt þar barn, á grundvelli þarlendra laga, og óskar þess að ættleiðingin verði staðfest af sýslumanni í því skyni að ættleiðingin hafi réttaráhrif samkvæmt íslenskum lögum og að barnið öðlist íslenskt ríkisfang.

Meðferð erindisins felst í könnun framlagðra gagna og könnunar á afstöðu barnsins. Ef óskað verður frekari gagna eða upplýsinga verða umsækjendur látnir vita. Ef sýslumaður telur ekki skilyrði til að samþykkja erindið, verður umsækjendum gefinn kostur á að skila greinargerð með sjónarmiðs sínum. Sýslumaður getur óskað þess að ræða við umsækjendur. Ef erindi er hafnað, er það gert með úrskurði, sem hægt er að kæra til dómsmálaráðuneytis.

Þegar staðfesting sýslumanns á hinni erlendu ættleiðingu hefur verið gefin út, er frumrit staðfestingarinnar, ásamt frumritum annarra fylgigagna sent kjörforeldri / kjörforeldrum í rekjanlegu bréfi nema óskað sé eftir að sækja gögnin að lokinni afgreiðslu. Kjörforeldri / kjörforeldrar geta einnig gefið umboðsmanni heimild til að sækja skjölin. Upplýsingar um að réttaráhrif hinnar erlendu ættleiðingar hafi verið staðfest, eru sendar til Þjóðskrár Íslands.

Varðandi réttaráhrif ættleiðingar er bent á nánari [upplýsingar á vefsíðu sýslumanna](#).

Ríkisborgararéttur felur það í sér að eiga rétt á búsetu í tilteknu landi. Með ríkisborgararétti fylgja ákveðin réttindi og skyldur og má segja að ríkisborgararéttur sé eins konar samningur á milli einstaklings og ríkis. Helstu réttindi sem fylgja ríkisborgararéttindum eru landsvistaréttur, aðstoð og vernd frá ríkinu, kosningaréttur og kjörgengi, embættisgengi, framfærslu- og bótaréttur og atvinnuréttindi. Helstu skyldur sem fylgja réttinum eru aftur á móti hlýðni og hollusta, sem og skylda til þess að gegna sumum opinberum störfum.

Íslensk löggjöf heimilar tvöfalt ríkisfang og þeir sem öðlast ríkisborgararétt í öðru ríki sem einnig heimilar tvöfalt ríkisfang halda íslenskum ríkisborgararétti. Það fer því eftir löggjöf hvers ríkis hvort tvöfaldur ríkisborgararéttur sé heimilaður eður ei. Þegar útlendingi er veittur íslenskur ríkisborgararéttur er ekki gerð krafa um að hann afsali sér fyrri ríkisborgararétti sínum. Hins vegar getur verið að lög ríkisins sem útlendingurinn átti ríkisborgararétt í, kveði á um að ríkisborgararéttur hans þar falli niður ef hann fær ríkisborgararétt í öðru landi.

Vakin er athygli á þessum laga- og reglugerðarákvæðum:

**Lög um ættleiðingar nr. 130/1999. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1999130.html>**

25. gr. *Réttaráhrif.*

Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim sem eru í kjörsifjum við þá eins og væri það eigið barn kjörforeldra, nema lög mæli annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins við kynforeldra þess, önnur ættmenni og þá sem eru í kjörsifjum við þá, nema lög kveði öðruvísi á.

29. gr. *Ættleiðingar erlendis*

Þeim sem búsettir eru hér á landi er óheimilt að ættleiða barn erlendis, nema sýslumaður samþykki það með útgáfu forsamþykkis til ættleiðingarinnar.

39. gr. *Erlend ættleiðing sem andstæð er grunnreglum íslenskra laga.*

Ættleiðing sem fram fer erlendis er ekki gild hér á landi ef hún gengur í berhög við grunnreglur íslensks réttar (allsherjarreglu).

**Lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1952100.html>**

2. og 3. mgr. 2. gr. A.

Ættleiði íslenskur ríkisborgari þegar hann er búsettur erlendis barn undir 18 ára aldri, með erlendri ákvörðun sem íslensk stjórnvöld viðurkenna, getur hann óskað eftir staðfestingu sýslumanns á ættleiðingunni þannig að hún hafi gildi hér á landi og réttaráhrif samkvæmt lögum um ættleiðingar. Við staðfestingu sýslumanns öðlast barnið íslenskt ríkisfang.

Hafi barn náð 12 ára aldri og sé með erlent ríkisfang skal það veita samþykki sitt til að fá íslenskan ríkisborgararétt á grundvelli 2. mgr. Ef barn er yngra en 12 ára skal sýna fram á að haft hafi verið samráð við það ef slíkt þykir gerlegt miðað við aldur þess og þroska. Ekki skal krefjast samþykkis barns ef það er ófært um að veita það sökum andlegs vanþroska eða annars sambærilegs ástands.

**Lög um tæknifrjógvun [...] nr. 55/1996. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1996055.html>**

3. og 4. mgr. 5. gr.

Gjöf fósturvísa er óheimil.

Staðgöngumæðrun er óheimil.



**Kröfur til erlendra skjala.**

**Staðfesting þess að skjal stafi frá réttum aðila.** Skjöl þurfa að vera lögformlega staðfest, til þess eru tvær viðurkenndar leiðir, annað hvort svokölluð keðjustimplun eða Apostille vottun. Hvernig skjal er lögformlega staðfest ræðst af útgáfulandi þess. Ef landið þar sem skjal var gefið út er aðili að Haag samningi um apostille vottun, þarf að koma frumriti skjals til þess aðila í því landi sem annast vottunina. Upplýsingar um hvaða lönd eru aðilar að Haag samningnum um Apostille og hverjir annast vottunina.

Ef útgáfuland skjals er ekki aðili að Haag samningnum um Apostille, þarf skjalið að bera svokallaða keðjustimplun (legalization) frá upprunalandi skjalsins og sendiskrifstofu Íslands gagnvart því landi m.ö.o. skjalið þarf tvo stimpla til þess að teljast lögformlega staðfest. Til að fá slíka stimplun þarf að senda frumskjalið til utanríkisráðuneytis þess lands sem gaf út skjalið. Viðkomandi ráðuneyti staðfestir skjalið og sendir það áfram til sendiráðs Íslands gagnvart því landi. Sendiráð Íslands gagnvart landinu staðfestir að lokum að fyrri stimpillinn sé réttur. Upplýsingar um sendiskrifstofur Íslands

**Þýðing skjals.** Ef skjöl eru ekki á ensku eða norrænu tungumáli þarf löggilt þýðing að fylgja með þeim.

Ef tiltekið tungumál er ekki á lista á heimasíðu sýslumanna, þá eru löggiltir skjalapýðendur í því tungumáli ekki til á Íslandi og þá þarf að leita eftir þýðingu löggilts skjalapýðanda erlendis. Það er heimilt að leggja fram þýðingu yfir á ensku, dönsku, norsku og sænsku.

**Staðfest afrit.** Með því er átt við að afrit sé tekið af frumriti skjals og það staðfest af stjórnvaldi sem hefur heimild til að staðfesta skjöl. Þar getur verið um að ræða lögbókanda, notarius publicus.

Athugið að frumrit vottorða þurfa að vera staðfest með Apostille vottun eða keðjustimplun áður en staðfest afrit er tekið af þeim.